FRÉTTABLAÐIÐ

# Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

**Sölufulltrúar:** Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

# Viltu taka þátt í sögulegri uppbyggingu í Mosfellsbæ?



## Við erum að leita að lögfræðingi og verkefnastjóra skipulagsmála til að taka þátt í þeirri miklu uppbyggingu sem mun eiga sér stað í sveitarfélaginu á næstu árum.

Undirbúningur stendur nú yfir vegna uppbyggingar íbúðasvæða í Helgafelli og við Hamraborg. Þá er í undirbúningi uppbygging á atvinnusvæðinu í Blikastaðalandi og í kjölfarið mun eiga sér stað vinna við mótun skipulags fyrir 9.000 manna íbúabyggð í landi Blikastaða sem mun byggjast upp í áföngum á næstu árum.

Uppbygging nýrra svæða einkennist annars vegar af tilkomu Borgarlínu og hins vegar umhverfisvænum áherslum, meðal annars á grunni BREEAM-vistvottunarkerfisins.

Við leitum að einstaklingum sem eru tilbúnir að vinna með okkur að stækkun sveitarfélagsins og fylgja verkefnum áfram innan stjórnsýslunnar.

Ef þú vilt taka þátt í þessum spennandi verkefnum, þá hvetjum við þig til þess að sækja um starf lögfræðings eða starf verkefnastjóra skipulagsmála.

**Lögfræðingur**
Mosfellsbær leitar að kraftmiklum lögfræðingi sem hefur þekkingu og reynslu á sviði stjórnsýslu, skipulags- og umhverfismála. Um er að ræða spennandi starf lögfræðings sem mun einkum starfa með sérfræðingum umhverfissviðs auk samvinnu við aðra starfsmenn sveitarfélagsins og kjörna fulltrúa.

**Verkefnastjóri skipulagsmála**
Mosfellsbær leitar að öflugum verkefnastjóra skipulagsmála. Um er að ræða spennandi verkefni á sviði deiliskipulags og að undirbúningi áætlana í samvinnu við skipulagsfulltrúa, aðra starfsmenn sveitarfélagsins og kjörna fulltrúa.

Frekari upplýsingar um störfin auk menntunar- og hæfniskrafna er að finna á vinnvinn.is og á vef Mosfellsbæjar, mos.is/storf.

---

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf á íslensku, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Sótt er um störfin á vefsíðunni vinnvinn.is. Umsjón með umsóknum og nánari upplýsingar um störfin veita Auður Bjarnadóttir audur@vinnvinn.is, og Margrét Stefánsdóttir, margret@vinnvinn.is.

Mosfellsbær leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur um störfin er til og með 30. janúar 2023.**

vinnvinn

---

Mosfellsbær www.mos.is 525-6700

# Verkefnastjóri í upplýsingatækni

SORPA leitar að verkefnastjóra í upplýsingatækni til að stýra innleiðingarverkefnum sem nú þegar eru hafin. Verkefnin tengjast innleiðingu og uppfærslum á Business Central, LS Central, Bizview, Jet Analytics, Power BI mælaborðum, SharePoint, skýjainnleiðingu, upplýsingatækniöryggi og fleiru í samstarfi við þjónustuaðila SORPU.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af stýringu verkefna í upplýsingatækni. Þjónustuaðilar sjá um uppsetningu og viðhald á kerfunum en mikilvægt er að fylgja þeirri verkefnaáætlun sem gerð hefur verið, varðandi t.d. tíma og kostnað. Einnig þarf að tryggja að skjölun í gæðahandbók sé í samræmi við breytingar og uppfærslur á UT kerfum samlagsins.

**Ábyrgðasvið**

- Verkefnastjórnun á innleiðingu upplýsingatæknikerfa
- Fjárhags- og tímastjórnun verkefna
- Áhættumat og upplýsingagjöf til næstráðanda
- Tryggja framgang verkefna og eftirfylgni
- Stefnumótun og þróun á innleiðingu nýrra kerfa til framtíðar
- Umsjón með gæðahandbók sem snýr að upplýsingatæknimálum

**Hæfniskröfur**

- Háskólapróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Góð þekking á upplýsingatæknimálum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni til að vinna skipulega og hafa góða yfirsýn yfir mörg verkefni samhliða
- Hæfni til þess að leiða framkvæmd verkefna
- Hæfni til að móta, einfalda, setja upp og skrásetja nýja verkferla
- Glöggt auga við meðhöndlun talna og nákvæmni
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

SORPA

SORPA bs. er rekin án hagnaðarsjónarmiða með umhverfi, samfélag og hagkvæmni að leiðarljósi. Frá upphafi hefur verið lögð rík áhersla á samfélagslega ábyrgð í allri starfsemi SORPU og að fyrirtækið stuðli að sjálfbærum gildum sem víðast í samfélaginu.

**Sótt er um starfið á heimasíðu Sorpu.**

Umsóknarfrestur er til og með **22. janúar nk.**

Upplýsingar veitir Elín Dögg Ómarsdóttir, **elin@hagvangur.is.**

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Skrifstofustjóri

Skrifstofustjóri umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita (UTU) ber ábyrgð á rekstri og stjórnun skrifstofu embættisins sem staðsett er á Laugarvatni. Skrifstofustjóri starfar sjálfstætt að því að leysa störf sín farsællega og af nákvæmni. Skrifstofustjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn UTU í öllum störfum sínum og ákvörðunum. Möguleiki er á 80–100% starfshlutfalli.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Daglegur rekstur og stjórnun skrifstofu embættisins
- Gerð fjárhagsáætlunar í samstarfi við sveitarstjóra
- Samskipti og uppgjör vegna sameiginlegs reksturs sveitarfélaga
- Umsjón með útsendingu og móttöku reikninga
- Samskipti við þjónustuaðila s.s. vegna upplýsingatæknimála
- Umsjón með efni á heimasíðu og Facebook-síðu embættisins
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Þekking á skjalavörslu
- Sterk kostnaðarvitund
- Rík samskiptafærni og þjónustulund
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á OneSystems er kostur

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita (UTU) er skrifstofa skipulags- og byggingarfulltrúa sex sveitarfélaga í uppsveitum Árnessýslu, Flóahrepps og Ásahrepps í Rangárvallasýslu. Um nokkurra ára bil var tæknisvið hjá stofnuninni en nú er starfsemin eingöngu bundin við skipulags- og byggingarfulltrúa. Hjá embættinu starfa tíu manns og fer starfsemin að mestu leyti fram á Laugarvatni. Mörg sumarhús eru á svæðinu og einkennir það starfsemi UTU umfram önnur skipulags- og byggingarembætti á landinu.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Umsóknarfrestur er til og með **23. janúar nk.**

Upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is**

hagvangur.is

HAGVANGUR




# Hótelstjóri

HOTEL SELFOSS

Hótel Selfoss leitar að öflugum og árangursdrifnum hótelstjóra. Mörg spennandi verkefni bíða nýs hótelstjóra en hótelið hefur fest sig í sessi sem eitt af þekktustu hótelum Suðurlands, bæði fyrir innlenda og erlenda gesti.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Daglegur rekstur
- Stefnumótun til framtíðar
- Tekju- og kostnaðarstýring
- Áætlanagerð
- Mannauðsmál
- Umsjón með endurbótum á hótelinu
- Samskipti við viðskiptavini

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði hótelstjórnunar
- Önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af hótelrekstri
- Framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og mikill drifkraftur
- Þjónustulund og fagmennska

Hótel Selfoss er stórt og veglegt hótel með 140 herbergjum, stórum veitingasal, heilsulind og ráðstefnusölum.

Starfið býður upp á spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling til að leiða eitt af þekktustu hótelum Suðurlands ásamt traustum hópi starfsmanna.

**Sótt er um starfið á hagvangur.is**

Upphafstími starfs er eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með **16. janúar nk.**

Upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is.**

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

# Úttektir | Eftirlit | Verkstjórn



**Rótgróið fyrirtæki í byggingariðnaði sem sérhæfir sig í viðhaldi og viðgerðum óskar eftir að ráða húsasmíðameistara eða einstakling með sambærilega menntun og reynslu í viðhaldi og byggingu húsa. Hjá fyrirtækinu starfa iðnaðarmenn í flestum geirum, ásamt undirverktökum sem koma að verkefnum eftir því sem við á. Samhæfður hópur iðnaðarmanna hefur valist inn í fyrirtækið í gegnum árin. Starfið felur í sér úttektir, eftirlit og áætlanagerðir í tengslum við framkvæmdir. Gott vald á tölvunotkun og skráningar í tölvukerfum er kostur.**

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:
- Úttektir og eftirlit
- Verkstjórn og skilgreining aðgerða
- Samskipti við iðnaðarmenn og verkkaupa
- Kostnaðarmat og skýrslugerð
- Önnur tilfallandi verkefni

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:
- Húsasmíðameistari eða sambærileg menntun/reynsla í byggingum eða viðhaldi á þeim
- Færni í tölvunotkun
- Færni í samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur en ekki skilyrði
- Frumkvæði, fagmennska og drifkraftur

**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar nk.**
Sótt er um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ehf. agla@radum.is.

ráðum í yfir 10 ár
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** | Sími 519 6770 | radum@radum.is




## Verkefnisstjóri vefmála og margmiðlunar

Viðkomandi ber ábyrgð á ásýnd og upplýsingum á vef og vefsvæðum sviðsins. Verkefnisstjóri hefur einnig umsjón með framleiðslu á kynningarefni, auglýsingum og styttri myndböndum fyrir samfélagsmiðla í samstarfi við markaðs- og samskiptastjóra og starfseiningar sviðsins.

**Umsóknarfrestur er til og með 16.01.2023**

Nánari upplýsingar veitir Svavar Jósefsson, rekstrarstjóri Menntavísindasviðs, **svavarjo@hi.is**; **525 5536**.

## Verkefnisstjóri rannsókna á Menntavísindastofnun

Verkefnisstjóri veitir fjölþætta ráðgjöf og stuðning til rannsakenda og tekur þátt í rannsóknum með áherslu á eigindlega aðferðafræði. Verkefnisstjóri ber ábyrgð á framsetningu rannsókna á vef stofnunarinnar og hefur umsjón með ráðstefnum og viðburðum.

**Umsóknarfrestur er til og með 16.01.2023**

Nánari upplýsingar veitir Kristín Harðardóttir, forstöðumaður Menntavísindastofnunar, **krishar@hi.is**; **525 4165**.

## Verkefnisstjóri notendafræðslu

Starfið er fjölbreytt og í því felast fyrst og fremst fræðsla, kynningar og upplýsingaþjónusta fyrir nemendur og starfsmenn en einnig önnur samstarfsverkefni varðandi skipulag og skráningu upplýsinga.

**Umsóknarfrestur er til og með 10.01.2023**

Nánari upplýsingar veita Gunnhildur Kristín Björnsdóttir, **gunnh@hi.is**, og Lára Rún Sigurvinsdóttir, **lararun@hi.is**.

**Starfshlutföll eru 100%**. Allar nánari upplýsingar um störfin, menntunar- og hæfniskröfur, má finna á **starfatorg.is**.

**Háskóli Íslands**, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík, 525 4000, hi@hi.is, **www.hi.is**

# SVIÐSSTJÓRI MANNAUÐS

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður leitar að öflugum og reynslumiklum aðila í starf sviðsstjóra mannauðs. Um er að ræða mjög krefjandi starf sem unnið er í nánu samstarfi við framkvæmdastjóra VIRK sem og aðra stjórnendur. Verkefnin eru afar fjölbreytt og varða m.a. mannauðsþróun starfsfólks og ráðgjafa VIRK sem og þróun gæðakerfis mannauðsmála ásamt því að bera ábyrgð á þjónustuveri VIRK.

Sviðsstjóri mannauðs heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

**Helstu verkefni**

- Þróun og framkvæmd mannauðsmála starfsmanna og ráðgjafa VIRK í samstarfi við stjórnendur innan og utan VIRK
- Að stuðla að góðum starfsanda og velferð starfsmanna í samstarfi við aðra stjórnendur
- Stefnumótun, áætlanagerð og umbótastarf
- Aðstoð og ráðgjöf í mannauðsmálum
- Gerð og viðhald gæðaferla um mannauðsmál
- Yfirumsjón með jafnlaunavottun
- Upplýsingagjöf og skráning
- Umsjón með þjónustuveri VIRK s.s. þróun, umbótastarf og starfsmannamál
- Önnur verkefni sem honum eru falin af framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Stjórnunarreynsla
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfinu er kostur
- Framúrskarandi samskiptahæfni, frumkvæði og metnaður
- Þekking á gæðakerfum er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti
- Mjög góð tölvukunnátta

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

**Upplýsingar veitir**

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2023.
Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfnikröfur starfsins.



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2022

bsi ISO 9001 Quality Management Systems CERTIFIED · ISO/IEC 27001 Information Security Management CERTIFIED · ÍST 85:2012 Equal Wage Management System CERTIFIED

HEILSUEFLANDI vinnustaður 2023

STARF

# Leggðu okkur og umhverfinu lið!

Við á deild loftslags og grænna lausna hjá Landsvirkjun leitum að öflugum teymisfélaga til að taka þátt í undirbúningi og framkvæmdum nýrra virkjana. Við berum virðingu fyrir náttúru landsins og ásýnd þess og leggjum áherslu á að þekkja og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

**Helstu verkefni:**
- Mat á umhverfisáhættu, skipulagning ráðstafana og markmiðasetning um umhverfismál
- Gerð og framfylgd umhverfisáætlana
- Leyfis- og skipulagsmál og eftirfylgni krafa sem snúa að áhrifum á umhverfi og verndun þess
- Samtöl við hagaðila um umhverfismál

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk- og tæknifræði, umhverfisfræði eða náttúruvísinda
- Þekking á umhverfismálum og áhugi á náttúru Íslands
- Þekking á framkvæmdaverkefnum og opinberri stjórnsýslu er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagsfærni, sjálfstæði og frumkvæði

**Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2023**
Sótt er um starfið hjá Hagvangi
www.hagvangur.is

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðvarma og vindi. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 300 manns, víða um land. Fyrirtækið hefur metnaðarfulla jafnréttis- og mannauðsstefnu, hugar að vellíðan starfsfólks og leggur áherslu á að viðhalda orkumikilli fyrirtækjamenningu.

Landsvirkjun



Fjarskiptastofa

*Fjarskiptastofa gegnir veigamiklu hlutverki á sviði netöryggis hér á landi og er ætlað að stuðla að öryggi almennings, fyrirtækja og samfélagsins alls á sviði fjarskipta- og netöryggis.*

# Lögfræðingur á sviði netöryggis

Fjarskiptastofa leitar að öflugum lögfræðingi á svið stafræns öryggis hjá stofnuninni. Heyrir starfið undir sviðsstjóra. Um er að ræða spennandi starf í nýjum og vaxandi málaflokki innan stofnunarinnar á sviði eftirlits með netöryggi fjarskiptafyrirtækja og mikilvægra innviða hér á landi. Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð, getu til að vinna í teymi og framsýni.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Eftirlit með netöryggi mikilvægra innviða á grundvelli laga nr. 78/2019, um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og fjarskiptafélaga á grundvelli nýrra fjarskiptalaga nr. 70/2022.
- Mat á lagalegri hlítni mikilvægra innviða og fjarskiptafélaga við lágmarkskröfur laga á sviði netöryggis með öðrum sérfræðingum sviðsins.
- Stjórnsýsluskoðanir á alvarlegum atvikum á sviði netöryggis og/eða netárása hjá fjarskiptafyrirtækjum og mikilvægum innviðum.
- Aðkoma að gerð reglugerða og lagafrumvarpa á sviði netöryggis, þ.m.t. er varðar innleiðingu á nýju Evrópuregluverki á þessu sviði.
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði net- og upplýsingaöryggis eftir því sem við á.

# Sérfræðingar í stjórnskipulagi net- og upplýsingaöryggis

Fjarskiptastofa leitar að sérfræðingum í eftirlit með net- og upplýsingaöryggi mikilvægra innviða og fjarskiptafyrirtækja á sviði stafræns öryggis hjá stofnuninni. Starfið heyrir undir sviðsstjóra. Um er að ræða spennandi störf í nýjum og vaxandi málaflokki innan stofnunarinnar sem nær til framtíðar fjarskiptaþjónustu og þjónustukerfa mikilvægra innviða hér á landi.
Leitað er að einstaklingum sem hafa brennandi áhuga á net- og upplýsingaöryggismálum, búa yfir ríkum umbótavilja, sterkri áhættuvitund og samskiptahæfni til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu og framkvæmd eftirlits á þessu sviði.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á framkvæmd úttekta á sviði net- og upplýsingaöryggis fjarskiptafyrirtækja og mikilvægra innviða.
- Stjórnsýsluskoðanir á alvarlegum atvikum á sviði netöryggis og/eða netárása hjá fjarskiptafyrirtækjum og mikilvægum innviðum.
- Framkvæmd almennra og sértækra áhættumata á sviði fjarskiptaöryggis.
- Aðstoð við framkvæmd eftirlits annarra stjórnvalda á sviði net- og upplýsingaöryggis eftir því sem við á.
- Aðkoma að eftirliti með traustþjónustum.
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi á sviði net- og upplýsingaöryggis eftir því sem við á.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk.**

Sótt er um störfin á **www.vinnvinn.is**.

Frekari upplýsingar veitir Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir, sviðsstjóri stafræns öryggis hjá Fjarskiptastofu (unnur@fjarskiptastofa.is).

**Allar nánari upplýsingar um störfin og hæfniskröfur eru á Starfatorgi og heimasíðu Vinnvinn.**

**Umsjón með störfunum hafa Jensína Kristín Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

JARÐBORANIR
ICELAND DRILLING

# Forstjóri

*Jarðboranir hf er leiðandi hátæknifyrirtæki á heimsvísu sem sérhæfir sig í djúpborunum eftir jarðhita og hefur margra áratuga reynslu af borunum í háhita og lághita. Félagið starfar bæði innlands og erlendis og er heildarfjöldi starfsmanna um 130 talsins. Í dag er félagið með starfsemi á Íslandi, Nýja Sjálandi og Dominíka.*



**Við leitum að framúrskarandi leiðtoga sem býr yfir reynslu til að leiða hóp úrvals fagfólks.**

Forstjóri stýrir daglegum rekstri fyrirtækisins, sinnir stefnumótun í samráði við stjórn og er í forsvari fyrir fyrirtækið út á við.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Ábyrgð á daglegum rekstri, áætlanagerð og eftirfylgni verkefna.
- Mótun stefnu og innleiðing í samráði við stjórn.
- Stuðla að stöðugum umbótum félagsins.
- Samskipti og samningagerð við viðskiptavini og birgja.
- Upplýsingagjöf til stjórnar og starfsfólks.
- Innri og ytri samskipti.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Farsæl og árangursrík reynsla af stefnumótun, breytingastjórnun og rekstri.
- Þekking og reynsla af framleiðsluiðnaði, verktaka- og/eða orkustarfsemi kostur.
- Framúrskarandi leiðtogahæfni, framsýni og drifkraftur.
- Reynsla af rekstri og stjórnun í alþjóðlegu umhverfi.
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfsæð vinnubrögð, jákvætt viðhorf og hæfni til að taka ákvarðanir undir álagi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.



**Umsóknarfrestur**
**er til og með 18. janúar nk.**

Sótt er um starfið á **www.vinnvinn.is**.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

**Nánari upplýsingar veita**
**Hilmar G. Hjaltason, hilmar@vinnvinn.is og**
**Jensína K. Böðvarsdóttir, jensina@vinnvinn.is.**

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# RÁÐGJAFI
## á sviði starfsendurhæfingar

VIRK
STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐUR

VIRK Starfsendurhæfingarsjóður leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf ráðgjafa hjá VIRK. Um er að ræða mjög krefjandi og fjölbreytt starf og einstakt tækifæri til þátttöku í þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði.

**Helstu verkefni**

- Ráðgjöf, stuðningur og hvatning við einstaklinga með skerta starfsgetu
- Upplýsingaöflun, skráning og mat samkvæmt gildandi verkferlum
- Umsjón og eftirfylgd með einstaklingsbundnum áætlunum sem gerðar eru í samvinnu við þverfagleg teymi VIRK
- Vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, fagaðila í starfsendurhæfingu og vinnustaði
- Samskipti við stéttarfélög og atvinnurekendur

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðis- eða félagsvísinda, s.s. á sviði félagsráðgjafar, hjúkrunar, iðjuþjálfunar, sálfræði eða sjúkraþjálfunar
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði einstaklingsráðgjafar og/eða starfsendurhæfingar
- Framúrskarandi samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfni og kostnaðarvitund
- Góð þekking á vinnumarkaði
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga með heilsubrest sem stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.

VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

**Upplýsingar veitir**

Geirlaug Jóhannsdóttir
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. janúar 2023.
Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og einnar blaðsíðu kynningarbréf þar sem á kerfisbundinn hátt er gerð grein fyrir því hvernig viðkomandi uppfyllir hæfnikröfur starfsins.



VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2022

bsi ISO 9001 Quality Management Systems CERTIFIED | ISO/IEC 27001 Information Security Management CERTIFIED | ÍST 85:2012 Equal Wage Management System CERTIFIED

HEILSUEFLANDI vinnustaður 2023

STARF

# Leggðu okkur og umhverfinu lið!

Við á deild loftslags og grænna lausna hjá Landsvirkjun leitum að öflugum teymisfélaga til að taka þátt í undirbúningi og framkvæmdum nýrra virkjana. Við berum virðingu fyrir náttúru landsins og ásýnd þess og leggjum áherslu á að þekkja og draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar.

**Helstu verkefni:**
- Mat á umhverfisáhættu, skipulagning ráðstafana og markmiðasetning um umhverfismál
- Gerð og framfylgd umhverfisáætlana
- Leyfis- og skipulagsmál og eftirfylgni krafa sem snúa að áhrifum á umhverfi og verndun þess
- Samtöl við hagaðila um umhverfismál

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verk- og tæknifræði, umhverfisfræði eða náttúruvísinda
- Þekking á umhverfismálum og áhugi á náttúru Íslands
- Þekking á framkvæmdaverkefnum og opinberri stjórnsýslu er kostur
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagsfærni, sjálfstæði og frumkvæði

**Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2023**
Sótt er um starfið hjá Hagvangi
www.hagvangur.is

Landsvirkjun er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli, jarðvarma og vindi. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 300 manns, víða um land. Fyrirtækið hefur metnaðarfulla jafnréttis- og mannauðsstefnu, hugar að vellíðan starfsfólks og leggur áherslu á að viðhalda orkumikilli fyrirtækjamenningu.

Landsvirkjun





# Ráðuneytisstjóri

Laust er til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra í menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Ráðuneytið tók til starfa 1. febrúar 2022, sbr. forsetaúrskurð nr. 6/2022, eftir breytingar á verkaskiptingu Stjórnarráðs Íslands í árslok 2021.

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu og mótar stefnu þess undir yfirstjórn menningar- og viðskiptaráðherra. Ráðherra setur ráðuneytisstjóra erindisbréf sbr. 18. gr. laga nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands. Starfssvið og starfsskyldur ráðuneytisstjóra eru víðtækar þar sem m.a. reynir á faglega og fjármálalega stjórn ráðuneytisins ásamt upplýsingagjöf til ráðherra. Þá er ráðuneytisstjóra ætlað að stuðla að samvinnu við önnur ráðuneyti þegar málefni skarast.

**Helstu verkefni menningar- og viðskiptaráðuneytisins eru sbr. 9. gr. forsetaúrskurð nr. 6/2022:**

- Ferðamál, verslun og þjónusta
- Fjölmiðlar og höfundarréttur
- Viðskiptalíf; ríkisaðstoð, bókhald, félagaréttur, ársreikningar, fjárfestingar erlendra aðila, samkeppnismál, neytendavernd, fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá
- Menningar-, lista- og safnamál, þ.m.t. mótun stefnu í helstu málaflokkunum
- Málefni íslenskrar tungu og skapandi greina
- Skipulag, rekstur og starfsmannahald ráðuneytisins
- Verkefni ýmissa nefnda og ráða í ferðamálum, viðskiptum, fjölmiðlum og menningu

Ráðuneytið starfar í fjórum skrifstofum, í samræmi við 17. gr. laga nr. 115/2011, skrifstofu viðskipta og ferðamála, skrifstofu menningar og fjölmiðla, skrifstofu verðmætasköpunar og skrifstofu fjármála og gæðamála. Starfsfólk ráðuneytisins er rösklega 40 manna hópur með fjölbreytta menntun, reynslu og þekkingu. Framundan er stefnumótun á málefnasviðum ráðuneytisins með starfsfólki þess. Undir ráðuneytið heyrir fjöldi stofnana og eininga svo sem Ferðamálastofa, Neytendastofa, Samkeppniseftirlitið, Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands, ársreikningaskrá, fyrirtækjaskrá, fjölmiðlanefnd, Náttúruminjasafn Íslands, Listasafn Einars Jónssonar, Þjóðleikhúsið, Stofnun Árna Magnússonar auk fjölda annarra. Einnig fer ráðuneytið með alþjóðlegt samstarf á málefnasviðum ráðuneytisins í samvinnu við utanríkisráðuneytið. Lögð er rík áhersla á samráð við önnur ráðuneyti, Alþingi, hagsmunaaðila og notendur þjónustunnar þegar unnið er að gerð lagafrumvarpa, reglugerða og stefnumótandi áætlana á málefnasviðum ráðuneytisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Leiðtogahæfni og yfirgripsmikil stjórnunarreynsla.
- Þekking og reynsla á sviði reksturs og starfsmannahalds.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Almenn þekking á íslensku viðskipta- og atvinnulífi og menningu.
- Jákvæðni og lausnamiðun við úrlausn mála.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Þekking og reynsla á sviði löggjafar um opinber fjármál er kostur.
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Menningar- og viðskiptaráðherra skipar í embættið til fimm ára frá og með 1. mars 2023, þegar nefnd sem metur hæfni umsækjenda, sbr. 19. gr. laga nr. 115/2011, hefur lokið störfum. Skipað er í embættið til fimm ára, sbr. ákvæði laga nr. 115/2011 og nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt gildandi lögum á hverjum tíma.

Áhugasamt fólk, óháð kyni, sem uppfyllir hæfniskröfur, er hvatt til að sækja um embættið. Upplýsingar um starfið veitir **Skúli Eggert Þórðarson** ráðuneytisstjóri í síma **545 9825**.

Umsókn skal vera skrifleg og henni skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi til að gegna embættinu, umsagnaraðilum og öðru sem máli kann að skipta. **Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2023 og skal skila umsókn rafrænt á netfangið mvf@mvf.is.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Reykjavík 27. desember 2022.

**Stjórnarráð Íslands**
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



# Gæða- og þjónustustjóri

Hagkaup óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann í stöðu gæða- og þjónustustjóra.
Hlutverk gæða- og þjónustustjóra er að hafa yfirumsjón með mótun gæðastefnu Hagkaups, kynningu hennar og eftirfylgni. Í starfinu felst m.a. aðhald við ferla í tengslum við heilbrigðismál, samskipti við opinbera eftirlitsaðila, gerð áhættumats, eftirfylgni útbótaáætlunar, ábyrgð á gerð og viðhaldi gæðahandbóka og mótun umhverfisstefnu fyrirtækisins. Gæða- og þjónustustjóri starfar innan rekstrarsviðs verslana og sinnir fjölbreyttum verkefnum er snúa að daglegum verslunarrekstri. Markmið gæða- og þjónustustjóra Hagkaups er að einfalda og bæta skilvirkni í verkferlum er snúa að heilbrigðismálum, þjónustugæðum og vinnuöryggi starfsmanna.

## Hæfniskröfur

- Háskólamenntun í matvælafræði eða sambærileg menntun.
- Þekking á stjórnsýslu opinberra eftirlitsaðila í tengslum við matvælarekstur æskileg.
- Afbragðs geta til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku.
- Góð almenn tölvufærni.
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
**Umsóknarfrestur** er til og með **24. janúar 2023** og skulu umsóknir berast í tölvupósti á **rekstur@hagkaup.is**. Aðeins umsóknir sem innihalda ferilskrá verða teknar til greina.
Nánari upplýsingar veitir Svanberg Halldórsson – svanberg@hagkaup.is.

**HAGKAUP**

---

**Menningarfélag Akureyrar leitar að nýjum rekstraraðila til að sjá um kaffihúsa- og veitingarekstur í Menningarhúsinu Hofi.**

Menningarhúsið Hof er staðsett í miðbæ Akureyrar og er eitt af helstu kennileitum bæjarins. Í Hofi fer fram metnaðarfullt menningarstarf, þar er Menningarfélag Akureyrar með skrifstofur sinar og starfsemi ásamt Tónlistarskólanum á Akureyri, og hönnunarverslunninni Kistu.

Í Hofi er glæsileg aðstaða fyrir tónleika, veislur, fundi og ráðstefnur. Þar er fullbúið eldhús og góð aðstaða til veitinga- og kaffihúsareksturs. Úr veitingarýminu er fallegt útsýni til suðurs yfir Pollinn.

KRÖFUR TIL REKSTRARAÐILA:

- BJÓÐA UPP Á HÁGÆÐA VEITINGAÞJÓNUSTU TIL GESTA HOFS.
- VEITINGAÞJÓNUSTA Á RÁÐSTEFNUM, TÓNLEIKUM, FUNDUM OG ÖÐRUM VIÐBURÐUM SEM FARA FRAM Í HOFI.
- SAMSTARF VIÐ MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR VEGNA VIÐBURÐA Í HOFI.

**Umsækjendur skulu hafa reynslu af veitingarekstri og hafa sjálfbærni og gæði í fyrirrúmi í sínum rekstri. Í umsókninni eiga að koma fram hugmyndir og framtíðarsýn umsækjenda á veitingarekstur í Hofi ásamt tilboði í leigu á aðstöðunni.**

Upplýsingar veitir
Eva Hrund Einarsdóttir
framkv.stjóri Menningarfélags Akureyrar
eva@mak.is

**Umsóknir sendist fyrir 25. janúar á netfangið umsoknir@mak.is**

MENNINGARFÉLAG AKUREYRAR
Strandgötu 12 | Akureyri | 450 1000

---

# Business Controller

LS Retail has an opportunity for an experienced controller with Business Intelligence (BI) background. The business controller´s main responsibility is to implement a BI strategy and develop systems to support the implementation and maintenance of BI function for LS Retail. The business controller belongs to the financial team and supports the CFO, regional VPs and business managers in financial analysis of the business as well as financial plans including budgets and forecast.

## Other responsibilities are:

Design, develop and maintain the corporate BI systems
Ensure an adequate provision of accurate and timely management information
Collect and validate BI data that is relevant
Cooperation with business managers in analyzing financial performance
Translate business needs to data requirements

## Requirements:

- BS or higher degree in Business, Economics, Engineering or similar
- Experience in business controlling
- Strong analytical thinking and attention to detail
- Knowledge and experience working with SQL
- Ability to identify user's requirements and translate into defined specifications
- Excellent written and verbal English communicational skills
- Experience with software such as Oracle, Qlik, Tableau, Cognos or Microsoft Power BI is preferable

LS Retail
an aptos company

VR FIRM OF THE YEAR 2022

For details and more info visit:
**careers.lsretail.com**

**Please apply before January 15th**

Fjarskiptastofa

**Hlutverk Fjarskiptastofu er að stuðla að netöryggi ásamt hagkvæmri, öruggri og aðgengilegri fjarskiptaþjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Hjá Fjarskiptastofu starfa um 40 manns, aðallega sérfræðingar við úrlausn verkefna á sviði netöryggis, tæknimála, viðskipta og laga sem tengjast hlutverki stofnunarinnar.**

# Verkefnastjóri á innviðasvið Fjarskiptastofu

Fjarskiptastofa óskar eftir að ráða í stöðu verkefnastjóra fjarskiptainnviðasviðs. Verkefnastjóri innviðasviðs hefur það hlutverk að stýra stærri verkefnum sviðsins og er um leið faglegur leiðtogi verkefnahópsins.
Innviðasvið Fjarskiptastofu ber ábyrgð á kortlagningu og greiningum á núverandi og fyrirhuguðum innviðum fjarskipta ásamt tengdum innviðum og stuðlar að uppbyggingu innviða í samstarfi við stjórnvöld og markaðsaðila. Innviðasvið stýrir skipulagi auðlinda fjarskipta (tíðna og númera) og úthlutar heimildum fyrir þær auðlindir.
Einnig viðhefur sviðið eftirlit með ljósvakanum sem felur í sér mælingar, viðbragð og úrvinnslu truflana.
Verkefnastjóri stýrir verkefnum sem snúa að hlutverki sviðsins, þróun á starfsemi sviðsins og nýsköpun á fagsviðinu, hvort sem er innan Fjarskiptastofu eða með samstarfsaðilum. Meðal mikilvægra verkefna er aðkoma að því að efla starfsemi innviðasviðs varðandi fjarskiptanet, þróun þeirra, öryggi, áfallaþol og uppbyggingu ásamt því að vinna að því að móta samstarf og samvinnu á fjarskiptamarkaði um uppbyggingu fjarskiptainnviða.

### Helstu verkefni og ábyrgð:

- Taka virkan þátt í að efla starfsemi innviðasviðs varðandi fjarskiptanet, kortlagningu þeirra, öryggi, áfallaþol og uppbyggingu
- Koma að því að móta samstarf og samvinnu á fjarskiptamarkaði
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi um uppbyggingu fjarskiptainnviða
- Ráðgjöf og upplýsingagjöf varðandi fjarskiptanet og uppbyggingu þeirra
- Vinna náið með sviðsstjóra að því að innviðasvið framfylgi markmiðum og stefnu varðandi þróun fjarskiptaneta landsins

### Hæfnikröfur

- Háskólanám sem nýtist í starfi, t.d. á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði
- Brennandi áhugi á fjarskiptatækni, nýsköpun og tækniþróun
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af vinnu tengdum fjarskiptanetum
- Þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku, og búa yfir ríkulegri samskiptafærni meðal annars að geta miðlað tæknilegum upplýsingum.
- Samstarfshæfni, jákvætt viðhorf og eiga auðvelt með að vinna í hóp.
- Hæfni til ákvarðanatöku við flóknar og krefjandi aðstæður

### Frekari upplýsingar um starfið:

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Fjarskiptastofa leggur áherslu á jafnrétti og hvetur öll áhugasöm til að sækja um starfið.
Krafist verður sakavottorðs. Við ráðningu þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2023.**
Fjarskiptastofa lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.




## Sérfræðingur í stafrænni þróun flutningskerfis

Við óskum eftir að ráða einstakling sem verður hluti af teymi sérfræðinga sem vinnur að stafrænni þróun flutningskerfis og eignastýringu Landsnets. Við erum leiðandi í heiminum í notkun stafrænna lausna og snjalltækni í orkuflutningnum. Þú munt koma inn í krefjandi og jafnframt spennandi umhverfi þar sem áhersla er lögð á snjallvæðingu orkukerfisins.

Þróunar- og tæknisvið hefur það hlutverk að horfa til framtíðar. Verkefni sviðsins eiga að undirbúa Landsnet fyrir það sem koma skal, hvort sem það eru nýjar framkvæmdir, ný tækni, nýir viðskiptavinir eða ný viðhorf og skal þetta nást með virðishugsun og bestun.

Næsti yfirmaður er Guðlaugur Sigurgeirsson, yfirmaður stafrænnar þróunar flutningskerfis og eignastýringar.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tækni- eða verkfræði
- Mikil tölvukunnátta, þekking á forritun og netsamskiptum
- Hæfni í uppbyggilegum samskiptum og samvinnu
- Skipulögð og öguð vinnubrögð
- Hæfni og þor til að taka ákvarðanir og tjá sig
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og staðfesta við úrvinnslu verkefna

Fram undan eru spennandi tímar orkuskipta í landinu sem gera miklar kröfur til afkastagetu og áreiðanleika flutningskerfisins. Það eru því fjölmargar áskoranir sem þarf að bregðast við á lausnamiðaðan og faglegan hátt.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar nk. Sótt er um starfið á landsnet.is.**
Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar að bætast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinsson, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drífur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.

**Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is**

LANDSNET

# **Sérfræðingur** á skrifstofu fjárlaga og rekstrar

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu fjárlaga og rekstrar.
Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi og opnu vinnurými. Um er að ræða fullt starf.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Skráning mála í málaskrárkerfi og frágangur mála
- Leiðsögn og gagnaöflun í skjölum og málaskrám ráðuneytisins
- Undirbúningur skjala fyrir skil til Þjóðskjalasafns
- Bókhald og verkefni tengd fjármálum og rekstri
- Umsjón með greiðslubeiðnum ásamt afgreiðslu styrkbeiðna og greiðslum skv. samningum

**Hæfniskröfur**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð íslenskukunnátta og færni í rituðu máli
- Reynsla af málaskrárkerfi GoPro er æskileg
- Reynsla af bókhaldi og verkefnum tengdum fjármálum
- Færni í ritvinnslu og helstu kerfum Office
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Færni til að vinna sjálfstætt á skipulegan og agaðan hátt
- Færni og vilji til að vinna í opnu rými

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Áhugasöm eru hvött til að sækja um starfið, óháð kyni.

Sótt er um starfið á vefnum starfatorg.is. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir þær hæfniskröfur sem gerðar eru. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur. Umsókn getur gilt í 6 mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Starfshlutfall er 100%
**Umsóknarfrestur er til og með 10.01.2023**

**Nánari upplýsingar veitir**
Svanhvít Jakobsdóttir, Skrifstofustjóri - svanhvit.jakobsdottir@frn.is - 545 8100

Sótt er um starfið á Starfatorgi: Sækja um starf

**Stjórnarráð Íslands**
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Flataskóli**
- Frístundaleiðbeinandi
- Leikskólakennari
- Leiðbeinandi
- Skrifstofustjóri

**Sjálandsskóli**
- Íslenskukennari
- Stuðningsfulltrúi

**Urriðaholtsskóli**
- Atferlisþjálfi
- Þroskaþjálfi

**Leikskólinn Bæjarból**
- Háskólamenntaður starfsmaður
- Leikskólakennari
- Leiðbeinandi með stuðning

**Leikskólinn Kirkjuból**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Krakkakot**
- Leikskólakennari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

intellecta.is

RÁÐNINGAR




RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.




**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

# Laust starf **skjalastjóra/sérfræðings** í upplýsingafræði í heilbrigðisráðuneytinu

Heilbrigðisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf skjalastjóra/upplýsingafræðings á skrifstofu fjárlaga og innri þjónustu.

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á vinnu við skjalastjórnun og skjalavörslu ráðuneytisins, málalyklum og málaskrá.
- Þjónusta, leiðsögn og gagnaöflun fyrir starfsmenn, stofnanir og almenning í skjölum og málaskrám ráðuneytisins.
- Tryggja varðveislu og aðgengi að skjölum og öðrum upplýsingum í skjalasafni ráðuneytisins.
- Upplýsingaöflun/miðlun/frágangur skjala/mála í málaskrá.
- Vinna að innleiðingu á nýju samskiptakerfi stjórnarráðsins GoPro Foris.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í upplýsingafræði (bókasafns- og upplýsingafræði).
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hæfni við miðlun upplýsinga.
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð kunnátta í ensku og vald á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Góð tölvukunnátta.
- Þekking á opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins hafa gert. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá, afrit af prófskírteinum og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar 2023, sótt er um starfið á www.starfatorg.is. Starfshlutfall er 100%**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum með síðari breytingum.

Upplýsingar um starfið veitir Runólfur Birgir Leifsson, skrifstofustjóri runolfur.leifsson@hrn.is og Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri, kristin@hrn.is

**Stjórnarráð Íslands**
Heilbrigðisráðuneytið


Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

Reykjavíkurborg

# Lögfræðingur

## Umdæmisráð barnaverndar óskar eftir að ráða lögfræðing í fullt starf

**Leitað er að einstaklingi sem er jákvæður og reiðubúinn til að takast á við krefjandi verkefni. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.**

Þann 1. janúar 2023 tók umdæmisráð barnaverndar til starfa. Ráðin eru sjálfstæðar stjórnsýslunefndir sem eru skipaðar þremur ráðsmönnum til fimm ára í senn, lögfræðingi, sem er formaður ráðsins, félagsráðgjafa og sálfræðingi og þremur varamönnum sem eru skipaðir með sama hætti. Verkefni umdæmisráða barnaverndar er að úrskurða í málum samkvæmt 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Undirbúningur funda umdæmisráðsins
- Aðstoð við ritun úrskurða

**Hæfniskröfur:**

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi
- Þekking á löggjöf um barnavernd æskileg
- Reynsla af úrskurðarvinnu innan stjórnsýslunnar æskileg
- Gott vald á íslensku, sérstaklega hvað varðar framsetningu lögfræðilegrar röksemdafærslu
- Frumkvæði, drifkraftur og jákvæðni
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar

Með umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið.

Fólk af öllum kynjum, fatlað fólk og fólk með fjölbreyttan menningarlegan bakgrunn er hvatt til að sækja um starfið.

**Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2023**

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Stéttarfélags lögfræðinga.

Nánari upplýsingar veitir umdæmisráðið á **ubr@reykjavik.is**

HH RÁÐGJÖF

# LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

**ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS 24.500 kr.***

**Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.**

**» Ódýrt**

- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

**» Skilvirkt**

- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

**» Auðvelt í notkun**

- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

**Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is**

*Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is



# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

os.is

# Skjala - og gæðastjóri

**Orkustofnun leitar að framúrskarandi og metnaðarfullum skjala- og gæðastjóra, til að tryggja gæði skjalavörslu og skjalastjórn stofnunarinnar, leiða stafrænar umbreytingar í skjalamálum, og veita gæðamálum og innleiðingu, notkun og stjórnun verklags við gæðastjórnun styrka forystu.**

Starfið krefst áræðni og haldgóðrar reynslu af skjalastjórnun og gæðastjórnun auk hæfni til að móta framtíðarsýn og stýra innleiðingu nýrra lausna og verklags með skilvirkni að leiðarljósi.

Skjala- og gæðastjóri starfar í náinni samvinnu við stjórnendur og starfsfólk, þvert á starfssvið stofnunarinnar.

Um er að ræða fjölbreytt og lifandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið og upplýsingar um umsagnaraðila. Umsóknum skal skilað í gegnum 50skills.

Nánari upplýsingar veitir Ingi Jóhannes Erlingsson, fjármála- og rekstrarstjóri, **ingi@os.is**

Orkustofnun er öflug stofnun þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Orkustofnunar eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi og viðkomandi stéttarfélags. Jafnlaunavottun er í gildi hjá OS.

**Umsóknafrestur er til og með 12. janúar nk. á https://jobs.50skills.com/orkustofnun/is/17294**

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ábyrgð á skjalamálum stofnunarinnar, mótun verklags og þróun skjalastefnu til framtíðar með því markmiði að tryggja hagnýtingu skjalanna, varðveislu upplýsinga og stjórnun þekkingar í Orkustofnun.
- Leiðir þróun og umbætur á sviði skjalamála og innleiðingar nýjunga á verklagi við stafræna þróun skjalamála.
- Ábyrgð á ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks um skjalavistun og bætt verklag fyrir öll verkefni stofnunarinnar.
- Ábyrgð á að farið sé eftir lögum og reglum um skjalavörslu og skylduskil opinberrar stofnunar til Þjóðskjalasafns Íslands.
- Ábyrgð á innleiðingu gæðastefnu og innleiðing og stjórnun verklags við gæðastjórnun.
- Ábyrgð á ritstjórn gæðahandbókar og uppfærslum í samvinnu við starfsfólk.
- Stýring og viðhald á gæðaskjölum og markviss eftirfylgni við notkun og uppfærslur.
- Skráning og þarfagreining verklagsreglna, ferla og verklýsinga hjá stofnuninni.
- Frumkvæði í þróun og innleiðingu nýjunga á verklagi við stafræna þróun skjala- og gæðamála.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í upplýsingafræði, gæðastjórnun eða skyldum greinum.
- Sérnám í skjalastjórnun er kostur.
- Marktæk reynsla í skjalastjórnun innan opinberrar stjórnsýslu og meðferð stjórnsýslumála er kostur.
- Þekking og reynsla af skjalavistunarkerfum, gæðakerfum og gæðastjórnun.
- Þekking og reynsla af stafrænu umbreytingaferli og þróun í gæða-, skjala-og upplýsingamálum.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Ríkir skipulagshæfileikar og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Faglegur metnaður á sviði skjala- og gæðastjórnunar.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og færni til að leiða stefnumótunarvinnu og umbætur.
- Góð samskipta- og samstarfshæfni, jákvætt viðmót og rík þjónustulund.
- Frumkvæði, metnaður og nákvæmni í starfi, áræðni og drifkraftur.
- Vilji til að byggja upp metnaðarfullan og samheldan vinnustað.



ORKUSTOFNUN

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár

hagvangur.is

HAGVANGUR

**Landakotsskóli er sjálfstætt starfandi grunnskóli fyrir 1. til 10. bekk ásamt deild fimm ára barna auk frístundaheimilis. Landakotsskóli er sjálfseignarstofnun sem lýtur sérstakri stjórn. Við skólann stunda um 360 nemendur nám í tveimur deildum, annars vegar í íslenskri deild og hins vegar í alþjóðlegri deild þar sem námið fer fram á ensku. Um 40 kennarar starfa við skólann auk 30 annarra starfsmanna. Nemenda- og kennarahópur skólans er alþjóðlegur og í skólanum er góður starfsandi og afbragðsgott starfsfólk.**



# Skólastjóri Landakotsskóla

Landakotsskóli auglýsir starf skólastjóra laust til umsóknar. Leitað er að framsýnum einstaklingi sem hefur metnað fyrir menntun og skólastarfi, brennur fyrir velferð og framförum nemenda í góðu samstarfi við starfsfólk og foreldra.

Markmið skólans er að veita nemendum framúrskarandi grunnskólamenntun. Í skólanum er metnaðarfullt nám í kjarnagreinum, öflugt listnám og fjölbreytt tungumálanám.

Skólastjóri veitir faglega forystu á sviði náms og skólaþróunar, sinnir daglegum rekstri, þ.m.t. mannauðsmálum, og tryggir að skólastarf sé í samræmi við lög og reglur. Ber skólastjóra að fylgja aðalnámskrá leik- og grunnskóla, námskrá Cambrigde samtakanna og stefnu skólans sem mótuð er af stjórn. Skólastjóri ber ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun sem samþykkt er af stjórn.

---

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Veita faglega forystu og leiða metnaðarfullt skólastarf í samræmi við stefnu skólans, námskrár og gildandi lög og reglur.
- Leiða þróun og skipulag náms og kennslu.
- Stýra daglegri starfsemi skólans, þ.m.t. starfsmannamálum.
- Bera ábyrgð á að rekstur sé í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Tryggja gott samstarf við aðila innan og utan skólasamfélagsins, þ.m.t. stjórnsýslu.

**Hæfnis- og menntunarkröfur:**
- Leyfi til að nota starfsheitið kennari. Farsæl kennslureynsla er kostur.
- Menntun eða starfsreynsla á alþjóðlegum vettvangi er æskileg.
- Reynsla eða þekking af stjórnun, rekstri, áætlanagerð og skólaþróun.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og góð skipulagshæfni.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og færni til að leiða samstarf og samræðu ólíkra einstaklinga.
- Mjög góð tök á íslensku og ensku. Góð kunnátta í öðru tungumáli er kostur.

---

Kaup og kjör eru samkvæmt samkomulagi.

Nöfn umsækjenda verða ekki birt opinberlega.

Umsóknum skjal fylgja starfsferilskrá um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila ásamt greinargerð þar sem m.a. komi fram sjónarmið um hæfni til starfsins. **Umsóknir skal senda inn á alfred.is fyrir 23. janúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfsemi skólans, þ.m.t. starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023, má finna á heimasíða skólans, www.landakotsskoli.is

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir, ingibjorg@landakotsskoli.is**

HH RÁÐGJÖF

# LEITAR ÞÚ AÐ STARFSMANNI?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og að rétti einstaklingurinn finnist fyrir þá aðila sem nýta sér þjónustu okkar vegna ráðninga starfsfólks í allar tegundir starfa.

## ATVINNUAUGLÝSING HJÁ HH RÁÐGJÖF KOSTAR AÐEINS *24.500 kr.**

**Á Atvinnuvefnum geta fyrirtæki sett sjálf inn atvinnuauglýsingar og nýtt ráðningarkerfið okkar til að vinna úr umsóknum eða beint umsóknum á eigin síðu.**

**» Ódýrt**
- Sanngjarnt lágt verð
- Einföld verðskrá

**» Skilvirkt**
- Flokkunarkerfi
- Aðstoð við textagerð
- Svarpóstar
- Viðbótarþjónustur
- Fjöldi umsækjenda á skrá

**» Auðvelt í notkun**
- Þú setur inn atvinnuauglýsingu í ráðningarkerfi
- Móttekur umsóknir í ráðningarkerfi
- Flokkar og vinnur úr umsóknum í ráðningarkerfi
- Svarar umsækjendum í ráðningarkerfi
- Ráðgjafar HH Ráðgjafar alltaf tiltaks ef á þarf að halda

**Atvinnuauglýsingin þín birtist í Atvinnuappinu og á Atvinnuvef HH Ráðgjafar og dv.is** *Verð er án vsk.

HH RÁÐGJÖF www.hhr.is - sími: 561 5900 - hhr@hhr.is

# Við leiðum fólk saman

HAGVANGUR

JOHAN RÖNNING
www.ronning.is

# Verkefnastjóri á stórnotendasviði




**Johan Rönning óskar eftir að ráða þjónustulundaðan og metnaðarfullan einstakling til starfa á stórnotendasviði Johan Rönning. Stórnotendasvið þjónustar marga af stærri viðskiptavinum félagsins, svo sem veitu- og iðnfyrirtæki með sérhæfðan rafbúnað.**

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf í góðu starfsumhverfi í höfuðstöðvum félagsins að Klettagörðum 25 í Reykjavík.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Vöruþróun á stórnotendasviði Johan Rönning
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tilboðsgerð og ráðgjöf

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Lausnamiðaður hugsunarháttur
- Reynsla af sölustörfum er kostur

**Fríðindi í starfi**

- Samgöngustyrkur
- Íþróttastyrkur

Johan Rönning var stofnað árið 1933 og er hluti af Fagkaup sem meðal annars rekur verslunar- og þjónustufyrirtækin Sindra, Vatn og veitur, S. Guðjónsson og Áltak.
Hjá Johan Rönning starfa um 80 starfsmenn í Reykjavík, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Grundartanga, Selfossi og Akureyri.
Höfuðstöðvar félagsins eru að Klettagörðum 25 í Reykjavík.

Johan Rönning er með vottað jafnlaunakerfi og hefur skuldbundið sig til að greiða jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

**Umsóknarfrestur er 20. janúar**
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

**Upplýsingar um starfið** veitir Óskar Gústavsson í síma **5 200 800** eða **oskar@ronning.is**.

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **REYKJAVÍK** | **SELFOSSI** | **AKUREYRI** | **REYÐARFIRÐI** | **REYKJANESBÆ** | **HAFNARFIRÐI** | **GRUNDARTANGA** |
| Klettagörðum 25 | Austurvegi 69 | Draupnisgötu 2 | Nesbraut 9 | Bolafót 1 | Bæjarhrauni 12 | Mýrarholtsvegi 2 |
| Sími 5 200 800 | Sími 4 800 600 | Sími 4 600 800 | Sími 4 702 020 | Sími 4 207 200 | Sími 5 200 800 | Sími 5 200 830 |



# VIÐSKIPTASTJÓRI Á HEILBRIGÐISSVIÐI

icepharma

Icepharma leitar að söludrifnum og metnaðarfullum liðsmanni í spennandi sölu- og markaðsstarf á Heilbrigðissviði

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Markaðssetning og sala á lækningatækjum fyrir skurðstofur og á almennum heilbrigðisvörum
- Myndun viðskiptatengsla og heimsóknir til viðskiptavina
- Þátttaka í verðfyrirspurnum og útboðum
- Samskipti við erlenda birgja
- Fundir og ráðstefnur innanlands og erlendis
- Þátttaka í viðskiptaþróun og greining vaxtartækifæra
- Aðkoma að áætlanagerð og fylgja eftir áætlunum

Hæfnikröfur:

- Menntun á sviði heilbrigðisvísinda, verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á heilbrigðisvörum er mikill kostur
- Mikill drifkraftur og frumkvæði
- Jákvæðni og framúrskarandi færni í tengslamyndun og mannlegum/rafrænum samskiptum
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfð veitir Hjörtur Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðissviðs Icepharma, hjorturg@icepharma.is.
Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi sem lýsir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2023.
Við hverjum hæfileikaríkt fólk til að sækja um, óháð kyni. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og í samræmi við lög um meðferð persónuupplýsinga.

Icepharma er dótturfélag Ósa hf. og er í fararbroddi á íslenskum heilbrigðis- og neytendamarkaði. Kjarninn í starfsemi okkar er að auka lífsgæði með öflugu framboði af heilsueflandi vörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 80 manns við sölu og markaðssetningu, sérfræðiráðgjöf og þjónustu. Við leggjum áherslu á metnað, frumkvæði, gleði og svigrúm starfsfólks til að vaxa og þróast í starfi.

**Sótt er um starfið á ráðningarvef Icepharma: www.icepharma.is / Um Icepharma / Atvinna**

ósar




TORG

# BLAÐAMAÐUR

**ÚTGÁFUFÉLAGIÐ TORG EHF. ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA BLAÐAMANN Á RITSTJÓRN FRÉTTABLAÐSINS**

**Starfssvið:**

- Almenn fréttaskrif í blað og á vef
- Úttektir og fréttaskýringar
- Viðtöl í blað og á vef

**Hæfniskröfur:**

- Góð íslenskukunnátta
- Þekking á uppbyggingu íslensks samfélags
- Geta til að vinna undir álagi og standast tímamörk
- Hugmyndaauðgi og útsjónarsemi við öflun áhugaverðs efnis
- Sveigjanleiki
- Umsækjandi þarf að geta gengið vaktir
- Þarf að geta hafið störf hið fyrsta

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á elisabet@torg.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2023.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN HRINGBRAUT FRÉTTABLAÐIÐ.IS DV

job

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**

# ÚTBOÐ

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- **Hagaskóli. Innréttingar - A álmu,** útboð nr. 15717

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1111
Netfang: utbod@reykjavik.is

Skipulagsstofnun

## Umhverfismat framkvæmda

**Matsáætlun í kynningu**

### Efnistaka í sjó við Landeyjahöfn

HeidelberCement Pozzolanic Materials hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats á efnistöku í sjó við Landeyjarhöfn.

**Kynning á matsáætlun:** Matsáætlunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7 og skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss að Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn. Matsáætlun er jafnframt aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar **www.skipulag.is.**

**Umsagnarfrestur:** Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn.Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en **8. febrúar 2023** til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

Útboð



## Ásland 4 fyrsti áfangi

Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í gatnagerð, fráveitu- og neysluvatnslagnir, ásamt lögnum fyrir hitaveitu, rafveitu og fjarskiptalagnir.

Verklok eru 1. júní 2024 með áfangaskilum 1. desember 2023.

**Tilboð verða opnuð 23.01.2023**

Nánar á:
**hfj.is/utbod**

Hafnarfjörður

EFLA

**ÚTBOÐ**

## Arkitekta- og landslagshönnun

EFLA, fyrir hönd Borgarbyggðar óskar eftir tilboðum í arkitekta- og landslagshönnun á um 1400 m² viðbyggingu auk endurbóta á hluta eldra húsnæðis Grunnskólans Kleppjárnsreykjum.

Útboðsgögn fást afhent rafrænt með því að senda tölvupóst á Jóhannes Benediktsson, **johannes.benediktsson@efla.is** frá og með þriðjudeginum 10. janúar 2023.

Tilboð verða opnuð **miðvikudaginn 1. febrúar 2023 kl. 11.00** hjá EFLU.

412 6000 efla.is

EFLA

**ÚTBOÐ**

## Verkfræðihönnun

EFLA, fyrir hönd Borgarbyggðar óskar eftir tilboðum í verkfræðihönnun á um 1400 m² viðbyggingu auk endurbóta á hluta eldra húsnæðis Grunnskólans Kleppjárnsreykjum.

Útboðsgögn fást afhent rafrænt með því að senda tölvupóst á Jóhannes Benediktsson, **johannes.benediktsson@efla.is** frá og með þriðjudeginum 10. janúar 2023.

Tilboð verða opnuð **miðvikudaginn 1. febrúar 2023 kl. 14.00** hjá EFLU.

412 6000 efla.is




Þarftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770
www.radum.is • radum@radum.is

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

job
Finnum draumastarfið saman

Erum við að leita **að þér?**



Við leiðum fólk saman

hagvangur.is

HAGVANGUR

BÚUM VEL

SÉRHÆFÐ LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA MEÐ ÁHERSLU Á 60+



Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

**BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.**

**Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð**
**Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is**

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —



**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is






## RÝMI TIL LEIGU

Ein glæsilegasta mathöll landsins opnar á næstunni í miðbæ Reykjavíkur. Mathöll Reykjavík er í algjörlega endurnýjuðu húsnæði að Vesturgötu 2. Mathöll Reykjavík mun hýsa 14 staði á tveimur hæðum á þessum frábæra stað í hjarta borgarinnar. Húsið hefur allt verið tekið í gegn og er um 1800 fermetrar og aðstaðan fyrsta flokks. Mikill sjarmi er yfir öllum rýmum og aðstaða gesta björt og falleg. Glæsilegar svalir á efri hæð, ásamt útisvæði til suðurs munu skapa fallega stemningu - ekki síst yfir sumartímann. Við leitum að áhugasömum aðilum sem hafa áhuga á taka þátt í að skapa skemmtilega og góða matarupplifun í hjarta gömlu og góðu Reykjavíkur. Við bjóðum góð kjör og fjármögnun fyrir þá sem vilja. Hér er mjög gott tækifæri fyrir þá sem hafa dreymt um að opna veitingarekstur því hér er ALLT INNIFALIÐ sem þarf til veitingareksturs. Þetta er eitthvað sem vert er að skoða!

## BOOTHS FOR RENT

One of Iceland's most prestigious food halls opens soon in the center of Reykjavík. Mathöll Reykjavík is a completely renovated building on Vesturgata 2. Mathöll Reykjavík will house 14 restaurants on two floors in this amazing building situated in the heart of the city. The complete building which is approximately 1800m² has been revamped to a high standard. It has plenty of charm and the guest facilities are bright and beautiful. Spectacular balconies on the top floor and an outdoor area gives access to breathtaking southerly views of Iceland which can only add to the atmosphere and guest experience. We are looking for interested parties who would like to join us in our venture to bring together a fun fresh food experience in the center of good old Reykjavík. We offer great terms and investment opportunities for those who are interested. This is a fantastic opportunity for those who have dreamt of opening a restaurant because this is an all-inclusive package. This is something that definitely deserves to be considered.

FOOD HALL
REYKJAVÍK

BORGIR
FASTEIGNASALA · SÍMI 588 2030

UPPLYSINGAR / INFO

Ægir Breiðfjörð
aegir@borgir.is S. 896-8030

Victor Levi
S. 868-2222

Móeiður Svala Magnúsdóttir
S. 899-8278